

Mýrdalshreppur
Ásgeir Magnússon
Austurvegi 17
870 Vík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 10. maí 2012
Tilvísun: UST20111000202/ksj

Tillaga að aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012 – 2028. Umsögn

Vísað er til erindis sveitarstjóra Mýrdalshrepps er barst 19. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012 – 2028.

Í formála ofangreindrar tillögu að aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028, kemur fram að árið 2011 hafi Mýrdalshreppur ákveðið að endurskoða aðalskipulag Mýrdalshrepps 2009 – 2025, sem staðfest var í desember 2010. Helstu forsendur endurskoðunar voru eftirfarandi: Ný veglína fyrir þjóðveg nr. 1 var ekki staðfest af umhverfisráðherra vegna vanhæfis oddvita við samþykkt skipulagsáætlunar og þörf á ítarlegri umfjöllun um möguleg umhverfisáhrif nýrrar veglínu. Málsmeðferð aðalskipulagsins sem staðfest var af umhverfisráðherra 22.12.2010 hafði tekið langan tíma og því orðið nauðsynlegt að endurskoða aðalskipulagsáætlun sveitarfélagsins, uppfæra ýmsar upplýsingar sem voru orðnar úreltar og skerpa á framsetningu skipulagsins í samræmi við breyttar áherslur og ný gögn.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við tillögu að aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012 – 2028.

Dyrhólaós

Breytt veglína Suðurlandsvegur sem kynnt er í ofangreindri skipulagstillögu mun raska svæði sem er á náttúrminjaskrá þar sem veglína fer mitt á milli Loftsalahellis og Dyrhólaóss, einnig liggur áætluð veglína rétt norðan við mörk svæðis nr. 708 á náttúruminjaskrá. Í náttúruminjaskrá er svæðinu lýst á eftirfarandi hátt: „**Dyrhólaós, Loftsalahellir, Reynisdrangar og Reynisfjall, Mýrdalshreppi, V-Skaftafellssýslu. (1) Fjörur, þar með Reynisfjara öll og grunnsævi í Dyrhólaósi ásamt Loftsalahelli og nánasta umhverfi. Reynisfjall upp að efstu brúnum, frá Görðum að vestan, suður fyrir fjallið að Króktorfuhaus, ásamt Reynisdröngum og Hellnaskaga. (2) Í Dyrhólaósi eru sjávarleirur, þær einu á Suðurlandi, með sérstæðum lífsskilyrðum. Loftsalahellir er sögustaður og sérstæður hellir í móbergshamri syðst í Geitaffalli. Fjölbreyttar stuðlabergsmyndanir, hellisskútar og gróskumiklar hlíðar. Mikið fuglalíf. Sögulegar minjar.**” Umhverfisstofnun bendir á að ofangreint svæði á náttúruminjaskrá hefur mikið útivistar- og verndargildi. Eins og fram

kemur í umhverfisskýrslu ofangreindrar skipulagstillögu eru einstakar sjávarleirur í ósnum, þær einu á Suðurlandi með sérstæðum lífsskilyrðum. Umhverfisstofnun undirstrikar mikilvægi þess að Dyrhólaós með sínum sérstæðu sjávarleirum og nærliggjandi votlendi verði verndað sem ein heild. Að mati Umhverfisstofnunar er verndargildi svæðisins mest ef það er ein heild. Votlendi hefur verið framræst vegna ræktunar. Slík röskun er afturkræf. Vegagerð með þeim jarðvegsskiptum sem hún kallar á mun hafa óafturkræfar breytingar fyrir svæðið. Stofnunin harmar að ekki hefur tekist að sættast á veglínu um Mýrdal sem ekki myndi raska náttúruminum og votlendi í jafn miklum mæli og sú veglína er sveitarfélagið leggur áherslu á í ofangreindum drögum að aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012 – 2028.

Votlendi

Þar sem áætlað vegstæði fyrir nýjan Suðurlandsveg liggur nærri mörkum svæðis nr. 708 Dyrhólaós, á náttúruminjaskrá og þar sem nýja vegstæðið mun loka mikið til á milli votlendis og framræstra túna sem liggja norðan áætlaðs vegstæðis vill Umhverfisstofnun koma eftirfarandi á framfæri varðandi votlendi: Í Dyrhólaósi eru leirur, sbr. lýsingu á svæði nr. 708 hér að framan, en samkvæmt e. lið 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd skulu leirur njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Samkvæmt lögunum (c. liður laga nr. 44/1999 um náttúruvernd) skulu mýrar og flóar, 3 ha að stærð eða stærri, einnig njóta sérstakrar verndar en norðan við ósinn er framræst votlendi (engjar). Samkvæmt stefnumótun íslenskra stjórnvalda sem birtist í ritinu *Velferð til framtíðar: Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumörkun til 2020* er lögð sérstök áhersla á verndun votlendis og endurheimt þess, en eitt af markmiðum þeirrar stefnumörkunar er að forðast verði eins og kostur er að skerða frekar votlendi og önnur lykilvistkerfi. Leitast skal við að endurheimta votlendissvæði sem ræst hafa verið fram, einkum á þeim svæðum þar sem framræsla hefur verið hlutfallslega mest. Þá kemur fram í stefnumörkuninni að þar sem mikilvægum vistkerfum er raskað með framkvæmdum skal vera almenn regla að framkvæmdaraðili reyni að endurheimta sambærileg landsvæði. Í endurskoðaðri stefnumörkun „*Velferð til framtíðar: Megináherslur 2006-2009*”, sem lögð var fram á Umhverfispingi í nóvember 2005 er það áfram sett fram sem markmið að forðast verði að skerða votlendi og að unnið verði að endurheimt votlendis og annarra mikilvægra vistkerfa. Fram kemur að gerð verði áætlun um stóraukna endurheimt votlendis.

Einnig bendir Umhverfisstofnun á að Íslendingar hafa staðfest Ramsarsaminginn um votlendi (Samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf), en markmið samningsins er að stuðla að verndun og skynsamlegri nýtingu votlendissvæða í heiminum, sérstaklega sem lífsvæði fyrir votlendisfugla. Í samningnum er votlendi skilgreint mjög víðtækt og nær m.a. yfir mýrar, flóa, fen og vötn með fersku, ísöltu eða söltu vatni, þar á meðal sjó þar sem dýpi er innan við sex metra. Að auki er Ísland aðili að alþjóðlegum samningi Sameinuðu Þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni þar sem markmiðið er að aðildarríkin vinni að því vernda líffræðilega fjölbreytni. Í stefnumörkun Íslands um líffræðilega fjölbreytni segir að vernda og endurheimta eigi líffræðilega fjölbreytni Íslands og koma í veg fyrir frekari skerðingu hennar, tryggja sjálfbæra nýtingu lífríkisins og endurheimta þá þætti þess sem spillst hafa eða horfið vegna umsvifa mannsins.

Í kaflanum um gróður í umhverfisskýrslu kemur fram að: „*Vegagerð á láglandi Mýrdalsins og um jarðgöng í Reynisfjalli mun koma til með að raska votlendissvæðum og landbúnaðarlandi.*”

Ljóst er að vegagerð á láglandi Mýrdalsins mun raska áður óröskuðum votlendissvæðum, framræstum túnnum sem hægt er að endurheimta sem votlendi með því að moka í skurði og einnig ræktuðum túnnum þ.e. landbúnaðarlandi. Að mati Umhverfisstofnunar fellur þetta ekki að þeim leiðarljósum er fram koma í kafla um auðlindirnar í greinargerð en þar eru leiðarljósin meðal annars: „Að tryggja að nýting landssvæða verði sem best. Stefna skal að því að ekki verði gengið á landbúnaðarland og beitiland.“ Einnig er svo hljóðandi leiðarljós. „Athafnir í sveitarfélaginu verði innan þeirra marka sem náttúran þolir til lengri tíma.“ Að mati Umhverfisstofnunar er áætluð breyting á veglínu Suðurlandsvegur um Mýrdalinn á þann veg, að það mun verða gengið á landbúnaðarland í Mýrdalnum. Einnig mun að mati stofnunarinnar votlendi skerðast sem og núverandi tún sem eru afturkræf votlendi. Einnig mun verulega þrengt að svæði nr. 708 á náttúruminjaskrá.

Umhverfisstofnun tekur undir eftirfarandi umfjöllun um áhrif breyttrar legu Suðurlandsvegur í drögum að aðalskipulagi Mýrdalshrepps en þar kemur fram eftirfarandi:

„Breytingar í vatnshæð og vatnsmagni í ósnum eru undir áhrifum frá flóði og fjöru en einnig hefur vatnsrennsli ofan úr dalnum áhrif. Vatnsstaðan í ósnum verður hæst þegar útfallið lokast. Á flóði berst saltvatn í ósinn og með honum næringar- og steinefni sem minna er af í ferskvatni. Vatnsflæði ofan úr mýrum og niður í ósinn er frá náttúrunnar hendi nokkuð reglulegt. Votlendið dempar miklar sveiflur í vatnsmagni vegna ytri áhrifa, s.s. vegna mikillar rigninga eða leysinga. Skurðir og ræsi geta dregið talsvert úr slíkri náttúrulegri dempun þar sem í þau safnast rennandi vatn og það skilar sér hratt niður í ósinn. Þar með getur vatnsflæði í ósinn orðið óreglulegt og sveiflukennt. Óreglulegur framburður næringarefna frá landi er líklega óhagstæðari fyrir lífríki sem er háð reglulegu vatnsstreymi. Komi ferskvatn í breytilegu magni og á breytilegum hraða hefur það áhrif á blöndun sjávarvatns og ferskvatns í ósnum. Efnasamsetning verður líklega breytileg, sem aftur hefur bein áhrif á lífríkið sem er háð reglulegri framleiðslu fæðu í ósnum.“

Að mati Umhverfisstofnunar samræmist sú áætlun sveitarfélagsins að staðsetja nýjan veg í Mýrdal rétt fyrir ofan Dyrhólaós ekki þeim leiðarljósum er fram koma í drögum að aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012 – 2028 og getur stofnunin ekki sæst á þá veglínu er um ræðir í skipulaginu.

Umhverfisstofnun tekur undir áætlun þá er fram kemur í ofangreindri skipulagstillögu þar sem segir að unnið verði að endurheimta votlendis í sveitarfélaginu á svæðunum Rofamýri og Engigarðsmýri, en bendir á að skv. umhverfisskýrslu skipulagstillögunnar mun, miðað við 20 m breitt vegstæði votlendi skerðast um alls 9 ha. Einnig kemur fram í umhverfisskýrslunni að: „Í matsvinnunni kom fram að erfitt er að draga skýr skil á milli votlendra svæða sem eiga að njóta verndar, s.s. vegna 37. gr. náttúruverndarlaga og annarra svæða sem hafa minna verndargildi.“

Umhverfisstofnun lítur svo á að 37.gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999 nái yfir þau votlendi er ná yfir 3 ha eða meira.

Skógrækt

Umhverfisstofnun tekur undir skilmála vegna skógræktar er fram koma í greinargerð. Um leið bendir stofnunin á 36.gr laga nr. 44/1999 um náttúruvernd sem er í V. kafla laganna er fjallar um landslagsvernd en þar segir: „Ræktun. Við túnrækt, skógrækt, uppgræðslu lands, skjólbeltagerð og aðra ræktun skal þess gætt að hún falli sem best að heildarsvipmóti lands

og raski ekki náttúru- og menningarminjum.”

Sýnileiki og sjónræn áhrif

Í umhverfisskýrslu er fjallað um sýnileika og sjónræn áhrif af nýjum vegi um Mýrdal Þar segir: „Ljóst er að nýr vegur um láglandi Mýrdalsins mun vera áberandi og blasa við í opnu landslagi. Skiptir þá engu hvar í dalnum hann liggur. ” Að mati Umhverfisstofnunar er ljóst að sjónræn áhrif af upphækkuðum vegi munu vera verulega neikvæð. Að mati Umhverfisstofnunar mun þurfa að byggja veginn hátt vegna flóða þegar ósinn stíflast og því mun hann líkjast upphækkuðum þverunurvegum. Fjaran og ósinn munu ekki lengur blasa við þegar ekið er niður meðfram Reynisfjalli, heldur mun upphækkaður vegur byrgja fyrir útsýnið að mati stofnunarinnar. Sjónræn áhrif vegagerðar á þeim stað sem ofangreind drög að aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012 - 2028 gera ráð fyrir munu verða óásættanleg að mati Umhverfisstofnunar sem og sú eðlisbreyting sem verður á þessu svæði náttúruminja. Umhverfisstofnun tekur ekki undir að það skipti engu hvar nýr vegur muni liggja í dalnum, hvað sjónræn áhrif varðar. Nálægð við ósinn kallar á meiri uppbyggingu til að verjast flóðum, en þegar fjær dregur ósnum er ekki sama þörf fyrir uppbyggingu. Af þessu leiðir að sjónræn áhrif vegar í Mýrdal er þeim mun meiri eftir því sem nær dregur ósnum.

Víkurfjara

Umhverfisstofnun tekur undir að Víkurfjara er fjölsótt af heimamönnum og ferðamönnum sem heimsækja Vík. Að mati Umhverfisstofnunar mun hringvegur milli Víkurfjöru og þorpsins rýra útivistargildi Víkurfjöru verulega og útiloka það beina aðgengi sem er frá þorpinu í fjöruna. Umhverfisstofnun tekur undir það sem fram kemur í umhverfisskýrslu að mikilvægt er að við gerð mats á umhverfisáhrifum framkvæmda verði unnið þversnið af strönd, varnargörðum og vegi til að gera betur grein fyrir áhrifum á upplifun og útivistarmöguleikum í fjörunni.

Valkostir fyrir vegstæði Suðurlandsvegur um Mýrdal

Í umsögn Umhverfisstofnunar dags. 4. júlí sl. um lýsingu aðalskipulags Mýrdalshrepps 2012 – 2028 var lögð áhersla á mikilvægi þess að lagður yrði fram rökstuðningur fyrir veglínu Suðurlandsvegur í drögum að aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012 - 2028. Einnig lagði Umhverfisstofnun áherslu á mikilvægi þess að fjallað yrði um þá kosti sem eru fyrir veglínu Suðurlandsvegur um Mýrdalshrepp, og óskaði stofnunin eftir umfjöllun um 0-kost, þ.e. þann kost að endurgera núverandi veg ásamt kostum um nýlagningu Suðurlandsvegur um sveitarfélagið. Fram kemur í kafla um valkosti að ekki liggi fyrir raunhæfur valkostur sem uppfylli markmið sveitarfélagsins í samgöngumálum með sama hætti og gert er ráð fyrir í fyrirliggjandi tillögu um veglínu rétt norður af Dyrhólaós að mati sveitarfélagsins. Að mati Umhverfisstofnunar skortir enn veigameiri umfjöllun og rökstuðning mismunandi kosta á veglínu um Mýrdal, og að þeir séu skoðaðir í töflu.

Efnistökusvæði

Umhverfisstofnun bendir á að á Íslandi ríkir almennt sú stefna varðandi efnistöku, að efnistökusvæði séu frekar færri og stærri. Eins er ekki mælt með að farið sé í hlíðar eins og virðist gert í námum E6, E7 og E8 þar sem slík efnistaka hefur mikil sjónræn áhrif. Að mati Umhverfisstofnunar er nægilegt framboð á námuefni á láglandi í sveitarfélaginu og því ætti

að vera hægt að forðast efnistöku uppi í hlíðum eins og gert er ráð fyrir á framangreindum svæðum í drögum að aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012 - 2028.


Fráveita


Í umfjöllun um fráveitu í greinargerð kemur fram að í Vík austan Víkurár er tvöfalt fráveitukerfi og að húsaskólp er veitt í rotpró sem er sunnan Víkurskála með siturlögn er opnast út í Víkurá. Einnig kemur fram að vestan Víkur er einfalt fráveitukerfi og rennur skólpið þaðan í ána. Umhverfisstofnun tekur undir mikilvægi þess að huga þurfi að framtíðarlausnum fyrir fráveitu í sveitarfélaginu. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að áætlanir um framtíðarlausn séu með dagsetningum, enda er í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp kveðið á um að skólp skuli hreinsa með tveggja þrepa hreinsun eða sambærilegri hreinsun áður en því er veitt í viðtaka, og a.m.k. eins þrepa hreinsun eða sambærilegri hreinsun verði viðtaki skilgreindur sem síður viðkvæmur, fyrir lok árs 2005.

Niðurstaða

Það er mat Umhverfisstofnunar að leggja eigi áherslu á að vernda Dyrhólaey, Dyrhólaós, fjörur við Dyrhólaey, þ.m.t. Reynisfjöru, og votlendi norðan við Dyrhólaós sem eina heild, enda um að ræða svæði sem hefur að geyma mörg mikilvæg vistkerfi. Svæðið er mikilvægt t.d. fyrir fuglalíf ásamt því að vera svæði sem nýtur vinsælda meðal ferðamanna. Á svæðinu er að finna vistkerfi sem leggja ber áherslu á að vernda samkvæmt stefnumörkun íslenskra stjórnvalda en einnig hefur Ísland skuldbindið sig að vernda t.a.m. líffræðilega fjölbreytni með alþjóðasamningum. Stofnunin telur að veglagning svo nálægt Dyrhólaós eins og tillaga er um í ofangreindum drögum að aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012 – 2028 muni rýra verndargildi svæðisins, hafa í för með sér neikvæð áhrif á lífríki svæðisins, ásamt neikvæðum sjónrænum áhrifum á landslag og leggst stofnunin því gegn umræddri veglínu. Umhverfisstofnun telur að endurbætur á núverandi vegi geti að mestu leyti uppfyllt kröfur um greiðari samgöngur og telur stofnunin því að skoða verði mun betur hvort ekki megi bæta samgöngur með viðunandi hætti með lagfæringum á núverandi vegi. Stofnunin telur að ef vegurinn verður færður eigi að leggja hann þannig að nýr vegur liggi sem fjærst svæði sem eru á náttúruminjaskrá, auk þess sem forðast verði að raska votlendi.

Virðingarfyllst


Adalbjörg B. Guttormsdóttir
Deildarstjóri


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun